

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Bjarni Sigfússon, sæti varðhaldi í 45 daga.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1982.

Nr. 261/1981. **Guðrún Ragnars**
Jón Ragnars
Kjartan Ragnars
Ragna G. Ragnars og
Valgerður Ragnars
 (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
Sverri Ragnars og
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Elíasi I. Elíassyni,
skiptaráðanda á Akureyri
 (enginn).

Kærumál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 29. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 15. desember s. á., kærðu sóknaraðiljar máls þessa til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Akureyrar 13. nóvember 1981. Vitneskju um úrskurðinn fengu sóknaraðiljar 18. nóvember. Kæran er byggð á heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Mál þetta var flutt munnlega 11. maí sl. eftir heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði úrskurður

verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðandann á Akureyri að taka til opinberra skipta dánarbú Ragnars Ólafssonar, föður sóknaraðilja og varnaraðiljans Sverris Ragnars, en Ragnar lést 14. september 1928 og var síðast til heimilis á Akureyri, „enda metist þar með ógild svokölluð skiptagerð 16. apríl 1934“. Þá er krafist málskostnaðar í hér- aði og kærúmálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilinn Sverrir Ragnars krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu skiptaráðandans á Akureyri hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ragnar Ólafsson og Guðrún kona hans áttu 10 börn. Af þeim fjórum, sem ekki eru aðiljar að kærumáli þessu, eru tvö á lífi, Þuríður Einarsson og Ólafur Ragnars. Synirnir Egill og Ásgrímur eru látnir. Ásgrímur átti þrjá syni, Gunnar, Ólaf og Ragnar. Egill átti eina dóttur, Guðrúnu, og ekkja hans, Sigríður Ragnars, er á lífi. Öllu þessu fólki hefur gefist kostur á að láta skiptakröfu sóknaraðilja til sín taka, en hefur ekki gert það.

Svo sem frá er greint í hinum kærða úrskurði, liggur frammi í máli þessu skiptagerningur fyrir dánarbú Ragnars Ólafssonar, dags. 16. apríl 1934, undirritaður af öllum lög- ráða erfingjum Ragnars og svo sérstaklega skipuðum lög- ráðamanni þriggja ólögráða erfingja. Í skiptagerningnum eru taldar eignir dánarbúsins, eins og þær voru í upphafi árs 1934, verðmæti þeirra og hvernig þær komi til skipta milli erfingjanna. Á erfðafjárskýrslu vegna dánarbúsins hefur skiptaráðandinn á Akureyri ritað svofellda yfirlýsingu, dags. 30. júní 1934:

„Hjer með vottast, að jeg hefi horið framanritaða erfða- fjárskýrslu saman við skiftagjörning á dánarbúi ræðismanns Ragnars Ólafssonar. Er skýrslan nákvæmlega í samræmi við skiftagjörninginn og er hann undirskrifaður eiginhendi af þeim hinum sömu aðiljum, er tilfærðir eru hjer að framan“.

Samkvæmt framangreindu er ótvírætt, að erfingjaskipti fóru fram á dánarbúi þessu þegar á árinu 1934. Geta þær ástæður, sem sóknaraðiljar færa fram fyrir kröfum sínum

um algerlega nýja skiptameðferð og raktar eru í hinum kærða úrskurði, ekki leitt til þess, að svo verði litið á, að enn hafi engin skipti verið gerð á dánarbúinu, svo sem sóknaraðiljar halda fram. Verða kröfur þeirra því ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Sóknaraðiljar rökstyðja kröfur sínar öðrum þræði með því, að ýmsum eignum dánarbús Ragnars Ólafssonar hafi verið haldið utan erfingjaskiptanna á dánarbúinu, ef á annað borð verði á það fallist með varnaraðiljum, að skipti hafi farið fram. Beri því að skipta þeim eignum með þeim erfingjum, sem enn eru á lífi, svo og með erfingjum hinna, sem látnir eru.

Um sumar þeirra eigna, sem sóknaraðiljar hafa sérstaklega tilgreint, að ekki hafi verið teknar til skipta, er þó svo farið, að engar líkur eru að því leiddar, að þær eða verðmæti, sem í stað þeirra megja koma, séu lengur fyrir hendi. Getu þær því ekki lengur komið til skipta. Á þetta við um skulda-kröfu á hendur Akureyrarbæ, að höfuðstól um það bil 110.000 krónur, ríkisskuldabréf að fjárhæð 60.000 krónur svo og ýmsar eignatekjur dánarbúsins frá ársbyrjun 1934 til 16. apríl það ár.

Um firmað Ragnar Ólafsson er þess að geta, að samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Akureyrar 15. mars 1935 afhenti ekkjan Guðrún Ólafsson það fyrirtæki í hendur varnaraðilja þessa máls Sverri Ragnars hinn 1. janúar 1934. Sat hún þá í óskiptu húsi eftir bónda sinn, Ragnar. Kom eign þessi samkvæmt því ekki til skipta við erfingjaskiptin.

Að því er varðar jörðina Svartárkot í Bárðdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu er það sérstaklega fram að taka, að gögn málsins sýna, að hún hefur verið talin séreign ekkjunnar. Sést ekki, að nokkrum athugasemdum hafi verið við því hreyft við erfingjaskiptin, að jörðinni væri haldið utan skipta. Samkvæmt því eru engin efni til að taka upp skiptin vegna þeirrar eignar, sem fyrir löngu hefur verið ráðstafað í hendur annarra aðilja.

Um fasteignir þær á Oddeyrartanga, sem sóknaraðiljar telja, að hafi verið eign dánarbúsins í apríl 1934, en ekki komið til skipta með erfingjum, er þess loks að geta, að

krafa sóknaraðilja um, að þær verði nú teknar til skipta, yrði því aðeins tekin til greina, að þær eignir hefðu ekki komist úr eigu dánarbúsins í hendur varnaraðilja Sverris með lögmetum hætti, eins og hann heldur þó eindregið fram. Gögn málsins sýna, að um þetta hefur verið ágreiningur með aðiljum um nokkurra ára skeið. Í framhaldi af sölu varnaraðilja á hluta af þessum eignum til þriðja aðilja undirrituðu allir sóknaraðiljar hinn 4. desember 1977, án nokkurs fyrirvara, yfirlýsingu þá, sem orðrétt er greind í hinum kærða úrskurði. Er augljóst af yfirlýsingunni og aðdraganda hennar, að hún varðaði fyrst og fremst fasteignir dánarbúsins á Oddeyrartanga, þær sem varnaraðili Sverrir hafði fengið eignarhald á. Var því sérstaklega brýnt tilefni til þess fyrir sóknaraðilja að kanna þá rækilega, hverjar fasteignir hér var um að tefla og hvernig eignarhald Sverris að þeim væri til komið. Því hefur ekki verið hnekkt, að sóknaraðiljar séu af yfirlýsingu þessari bundnir. Hana verður að skýra svo, að með henni hafi sóknaraðiljar fallið frá því gagnvart varnaraðilja að krefjast þess, að umræddar eignir verði teknar til skipta með erfingjum sem eignir, er verið hafi í dánarbúi Ragnar Ólafssonar, þegar því var skipt árið 1934. Verða kröfur sóknaraðilja því ekki heldur teknar til greina á framangreindum grundvelli. Koma þá ekki sérstaklega til álita önnur málsrök aðilja, er varða þetta atriði.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Sverri Ragnars 5.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er ekki getið málskostnaðarkröfu, er varnaraðili Sverrir gerði fyrir skiptarétti á hendur sóknaraðiljum.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Guðrún Ragnars, Jón Ragnars, Kjartan Ragnars, Ragna G. Ragnars og Valgerður Ragnars, greiði varnaraðilja Sverri Ragnars 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 13. nóvember 1981.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 16. október sl., er um það deilt, hvort taka skuli til opinberra skipta dánarbú Ragnars Ólafssonar, er andaðist 14. september 1928, er síðast bjó að Strandgötu 5 á Akureyri.

Erfingjar Ragnars voru:

Guðrún Ólafsson, eiginkona hins látna, fædd 11. janúar 1880, dáinn 29. apríl 1973, og börn þeirra hjóna; Egill, fæddur 11. maí 1902, dáinn 1977, Þuríður, fædd 9. apríl 1903, Sverrir, fæddur 16. ágúst 1906, Valgerður, fædd 18. janúar 1908, Ólafur, fæddur 27. apríl 1909, Jón, fæddur 26. október 1910, Ásgrímur, fæddur 1. febrúar 1913, dáinn 1977, Kjartan, fæddur 23. maí 1916, Guðrún, fædd 2. júlí 1917, og Ragna, fædd 5. október 1918.

Skiptabeiddendur og sóknaraðiljar í máli þessu eru: Vargerður Ragnars, Jón Ragnars, Kjartans Ragnars, Guðrún Ragnars og Ragna Ragnars.

Varnaraðili máls þessa er Sverrir Ragnars.

Af hálfu sóknaraðilja er þess krafist, að dánarbú Ragnars Ólafssonar verði tekið til opinberra skipta.

Einnig er krafist opinberrar skiptameðferðar á dánarbúi Guðrúnar Ólafsson að því leyti sem nauðsynlegt telst til að halda skiptum frá 16. apríl 1934 til rétttra laga. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu eða að mati réttarins úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að synjað verði kröfu sóknaraðilja um uppskrift og opinber skipti dánarbúsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa eigi borið árangur.

Málavextir.

Þann 14. september 1928 lést í Kaupmannahöfn Ragnar Ólafsson ræðismaður, Strandgötu 5 á Akureyri, frá eiginkonu sinni, Guðrúnu Ólafsson, og 10 börnum þeirra hjóna.

Hinn 27. október 1928 ritar ekkjan bæjarfógetanum á Akureyri bréf, þar sem hún tilkynnir honum, að hún ætli að sitja í óskiptu búi eftir mann sinn. Í bréfi þessu eru börn þeirra hjóna upp talin, einnig er getið fæðingardags þeirra.

Valdsmaður veitir ekkjunni búsetuleyfi með bréfi, dags. 19. nóvember 1928, og getur þess í bréfinu, að fyrir liggja samþykki myndugra barna hennar til þess, að hún fái leyfið.

Ekkjan situr í óskiptu búi til hins 16. apríl 1934, en þá skiptir hún búinu einkaskiptum með samerfingjum sínum. Valdsmaður skipar með bréfi, dags. 3. apríl 1934, J. C. F. Arnesen ræðismann

til þess að vera umboðs- og fjárráðamann ómyndugra barna ekkjunnar við einkaskiptin. Skiptin fara síðan fram 16. apríl 1934, og eru þau byggð á skiptagerningi, dagsettum sama dag, en hann er aftur byggður á eignaskrá yfir dánarbú Ragnars Ólafssonar frá 1. janúar 1934 og lista yfir útistandandi skuldir dánarbúsins frá sama tíma.

Erfðafjárskýrsla A, en í henni skal koma fram hrein eign búsins, er dagsett 16. apríl 1934, ekki er hún undirrituð af erfingjum eigin hendi, heldur nöfn þeirra og votta vélrituð undir skýrsluna. Þar fyrir neðan vottar skiptaráðandi 30. júní 1934, að skýslan sé nákvæmlega í samræmi við skiptagerninginn og að hann sé undirskrifaður eigin hendi af þeim hinum sömu aðiljum, sem tilfærðir eru í erfðafjárskýrslunni.

Erfðafjárskýrsla B, skýrsla um erfðafjárskatt þann, sem greiða bar af erfðahlut hvers erfingja, er dags. 30. júní 1934, og er erfðafjárskattur þá greiddur. Erfðafjárskýrsla þessi er ekki undirrituð af erfingjum eigin hendi, heldur eru nöfn erfingjanna vélrituð undir skýrsluna.

Verða nú raktir framburðir aðilja og vitna eftir því sem ástæða þykir til:

Varnaraðili máls þessa kom fyrir dóminn þann 15. október 1981 og skýrði svo frá, að hann hefði tekið við rekstri dánarbúsins árið 1930 og hefði hann annast hann, þar til skipti fóru fram 16. apríl 1934, en þá hafi búinu verið skipt einkaskiptum.

Mætti (sic) kveðst ekki muna greinilega, hvernig á því stóð, að farið var út í það að skipta búinu, en telur þó, að það hafi verið samkomulag um það milli erfingjanna og móður hans, að búinu yrði skipt.

Mætti (sic) segir, að bræðrum sínum Agli og Ólafi hafi verið seldar Siglufjarðareignirnar um 1930 eða 1932, kaupverð hafi verið kr. 100.000.00 og greiðslukjör óákveðin. En eignirnar hafi þeir fengið upp í væntanlegan arf og hafi þeir verið skuldfærðir hjá dánarbúinu fyrir andvirði Siglufjarðareignanna. Ákveðið var, að greiddir skyldu 5% vextir af kaupverðinu.

Mætti (sic) kveðst hafa keypt Akureyrareignirnar af búinu árið 1933. Kaupverðið hafi verið kr. 100.000.00 og greiðslukjörin óákveðin. Vextir skyldu vera 5% og hafi þeir verið greiddir á ári hverju, þar til búinu var skipt. Mætti (sic) segir, að kaupsamningur þessi hafi verið munnlegur. Afsal fyrir eignunum hafi hann síðan fengið í desember 1934..

Mætti (sic) segir, að skiptin hafi aðallega hvílt á hans herðum,

en honum til aðstoðar hafi verið Jón Arnesen og Pétur Ólafsson, föðurbróðir sinn.

Mætti (sic) segir, að engar athugasemdir né mótmæli hafi komið fram, hvorki frá systkinum hans né umboðsmanni ófjárráða systkina.

Mætti (sic) kveðst hafa selt svokallaða Gránueign árið 1977. Vegna þessarar sölu hafi fjórir bræður hans, þeir Ólafur, Jón, Ásgrímur og Kjartan, komið norður. Kjartan hafi spurt sig eitt-hvað á þessa leið „ætlar þú að sitja einn að þessu öllu?“ Mætti (sic) kveðst telja, að Kjartan hafi þarna átt við andvirði Gránueignarinnar. Mætti (sic) segir, að hann hafi sýnt bræðrum sínum svokallaða Gránueign og í það skiptið hafi hann einnig sýnt þeim lóðir sunnan við Gránufélagsgötu og utan við Gránufélagsgötu, en þær eignir hafi hann keypt af móður sinni.

Vegna þessarar sölu kveðst mætti (sic) hafa ákveðið að greiða samerfingjum sínum kr. 186.000.00 og hafi það verið gert vegna þess, að mætti (sic) hafi skuldað dánarbúi móður sinnar kr. 50.000.00, en erfingjar hafi verið sammála um, þegar búinu var skipt, að allar skuldir við dánarbú móður þeirra yrðu felldar niður. Samerfingjar sínir hafi þá skrifað undir yfirlýsingu, þar sem þeir falla frá frekari kröfum vegna skipta á dánarbúi foreldra okkar (sic), eins og fram komi á dskj. nr. 15.

Mætti (sic) kveðst hafa sýnt bræðrum sínum við þetta tækifæri kaupsamninginn á dskj. nr. 9 og á honum komi fram, að seljandi hafi selt kaupanda allar lóðir sínar, mannvirki og húseignir fyrir austan landamörk Akureyrarkaupstaðar á Oddeyri, og því hafi þeim mátt vera ljóst, að um fleiri eignir væri að ræða en Gránueignina. Og varðandi aðrar eignir, sem ekki eru á skipta-samningnum, eins og Svartáarkot og Akureyrarbréfið, þá hafi þær verið séreign móður sinnar og því ekki komið til skipta.

Varðandi firma Ragnars Ólafssonar kveðst mætti hafa tekið við því fyrir skiptin og þess vegna hafi það ekki komið til skipta.

Hvað við kemur frímerkjasafninu þá hafi mætti (sic) tekið úr því einhver merki til þess að „komplettara“ sitt eigið safn. Afganginn hafi hann afhent Kjartani bróður sínum.

Ríkisskuldabréfið að fjárhæð kr. 60.000.00 hafi verið séreign móður sinnar.

Mætti (sic) segir það rétt, að hann hafi, er til stóð að fara með þetta mál fyrir skiptarétt, boðið systkinum sínum lóðir, sem hægt yrði að selja fljótlega fyrir kr. 700.000.00 til 800.000.00.

Sama dag kom fyrir dóminn Haukur P. Ólafsson.

Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að Sverrir hefði keypt Tangann af móður hans, og vissi það ekki betur en að það hefði verið 1934 eða 1935 eða 1936, en vitnið þorði ekki að full-yrða um það.

Vitnið kvað sér vera kunnugt um, að systkinin vissu vel um þessa sölu.

Þennan sama dag kom fyrir dóminn vitnið Ólafur Ragnars.

Vitnið segir, að sér hafi verið kunnugt um, að Sverrir hafi keypt Tangaeignirnar af dánarbúinu árið 1933. Þannig hafi það einnig verið, er hann og Egill keyptu Siglufjarðareignirnar. Samningar hafi verið munnlegir og t. d. hafi afsal fyrir Siglufjarðareignunum ekki verið gefið út fyrr en árið 1952.

Vitnið segir, að sér hafi verið kunnugt um, hvaða eignir þetta voru á Tanganum, og að Sverrir hafi sýnt þeim í skoðunarferðinni árið 1977 aðrar fasteignir á Tanganum, sem hann keypti af búinu 1933, en Gránueignina.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt, er munnlegir samningar voru gerðir milli Sverris og móður þeirra um Tangaeignirnar 1933.

Enginn sóknaraðilja hefur komið fyrir dóminn, en skriflegar aðiljaskýrslur þeirra liggja frammi í dómnum.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að eiginleg skiptameðferð í skilningi skiptalaga hefjist aldrei og þaðan af síður, að henni hafi verið lokið, og virt séu að vettugi öll ákvæði skiptalaga nr. 3/1878, sem ætlað er að tryggja og vernda hagsmuni ólögráða og fjarstaddra erfingja.

Búið hafi ekki verið skrifað upp og virt í skiptarétti Akureyrar samkv. 15. og 16. gr. skiptalaga, sbr. 1. mgr. 74. gr. og a og c lið 5. gr. sömu laga. Embættisvanræksla þessi ein og sér valdi því, að lögmæt skiptameðferð hefjist aldrei. Engin embættisleg könnun fer m. ö. o. fram á því, hvert var raunverulegt andlag skipta, svo sem þó er skilyrðislaust boðið í 1. mgr. 74. gr. skiptalaga, sbr. 15. og 16. gr., sbr. a og c lið 5. gr. skiptalaga.

Fjárráða erfingjar og lögráðamaður fyrir hönd ófjárráða erfingja beiðist ekki formlegs leyfis til einkaskipta, sbr. 70., 71. og 1. mgr. 74. gr. skiptalaga.

Þá hafi lögráðamaður ekki hafst annað að við skiptin en að undirrita skiptagerning, en samkv. 14., 15. og 16. gr., sbr. 1. mgr. 74. gr. skiptalaga skal hann vera viðstaddur uppskriftar- og virð-

ingargerð skiptaréttarins og gæta þar hagsmuna umbjóðenda sinna undir eftirliti skiptaráðandans, sbr. t. d. 1. mgr. og 2. mgr. 50. gr. skiptalaga, sem einnig var yfirfjárráðandi, sbr. lög nr. 60 frá 1917 og tilskipun frá 18. febrúar 1847 um framsal búsins til einkaskipta, hafi því ekki verið heimilt fyrr en að lokinni slíkri uppskriftar- og virðingargerð (sic). Búið hafi aldrei verið framselt formlega til einkaskipta, sbr. 1. mgr. 74. gr. skiptalaga.

Frágangur skiptagernings og skilagreinar til ólögráða erfingja sé brýnt brot á 77. gr. skiptalaga, en samkvæmt henni hafi skiptaráðanda borið að yfirfara eigna- og skiptagerninginn og undirrita hann. Vanræksla þessi ein sér valdi því, að skiptum ljúki aldrei á lögformlegan hátt, sbr. einnig 49 gr. skiptalaga. Engri erfðafjárskýrslu sé skilað og skiptum ljúki því ekki af þeirri ástæðu. Af svokallaðri erfðafjárskýrslu, sbr. dskj. nr. 7, verði hins vegar ráðið, að einu afskipti skiptaráðanda af búskiptum hafi verið þau að veita viðtöku erfðafjárskatti af eignum, sem skipt var.

Skiptin virðast byggð á svokallaðri eignaskrá frá 1. janúar 1934. Skjal þetta sé óundirritað af lögráða erfingjum búsins svo og óyfirfarið af skiptaráðanda og lögráðamanni fyrir hönd ólögráða og fjarstaddra erfingja. Skjalið ber ekki með sér, frá hverjum það stafi, né heldur, að það hafi legið frammi við skiptin 16. apríl 1934. Að skjalið stafi ekki frá ekkjunni, sbr. 59. gr. skiptalaga, og ekki frá skiptaráðanda, sbr. 1. mgr., sbr. 24. og 77. gr. skiptalaga. Eignaskrá þessi frá 1. janúar 1934 sé því gersamlega að engu hafandi í öllu tilliti, formlega og þó sérstaklega efnislega sem grundvöllur af búskiptum, að öðru leyti en því, að það feli í sér sönnun um, hverjum eignum búsins var skipt og við hverju verði og hverjar eignir sættu ekki lögskipaðri skiptameðferð.

Aðrar eignir búsins, sem varnaraðili sé nú þinglýstur eigandi að og ekki komu fram á skiptagerningnum, hafi því ekki komið til skipta.

Þá hafi firma Ragnar Ólafsson, það er verslunarfyrirtækið, eigi komið til skipta.

Krafa búsins á hendur Akureyrarkaupstað samkvæmt b lið 2. gr. kaupsamnings á dskj. nr. 2 hafi ekki komið til skipta. Jörðin Svartáarkot í Suður Þingeyjarsýslu með mannvirkjum, ríkisskuldbréf að fjárhæð kr. 60.000.00, en alls sé óvíst, að þessi talning sé tæmandi.

Þá er komið að kröfum varnaraðilja máls þessa.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að samkomulagið frá

1977 sé algerlega bindandi og ekki til að dreifa neinu ákvæði laga nr. 7 frá 1936, þ. e. kaflanum um ógildingu löggerna, sem ónýti það samkomulag.

Guðrún Ólafsson hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi og sá, sem sitji í óskiptu búi, hafi full eignarráð yfir eignum búsins, sem meðal annars veiti heimild til þess að selja eignir búsins, lausar sem fastar. Guðrún hafi selt varnaraðilja Oddeyrareignirnar árið 1933 og hafi samningur verið munnlegur og hann síðan staðfestur með afsali, dags. 12. desember 1934.

Að formlega hafi verið beðið um leyfi til einkaskipta, þótt bréf þar að lútandi hafi ekki fundist og að því hafi fylgt nauðsynleg gögn, svo sem upplýsingar um eignir og skuldir búsins „fram-tala“.

Ekkert verði fullyrt um, að uppskrift og virðing hafi ekki farið fram, þótt ekkert finnst um það nú.

Skiptaráðandi hafi bersýnilega gert sér far um að fara að lög-um og að hann hafi skipað ófjárráða erfingjum lögráðamann. Skiptagerð hafi verið gerð, erfðafjárskýrslu skilað og erfðafjár-skattur greiddur.

Skiptin hafi því farið fram löglega í alla staði.

Allar eignir búsins hafi komið til skipta, nema þá hugsanlega frimerki, en þau hafi komið í hlut Guðrúnar.

Niðurstaða.

Svo sem fyrr er rakið, lést Ragnar Ólafsson 14. september 1928. Ekkja Ragnars, frú Guðrún Ólafsson, tilkynnir valds-manni um, að hún ætli að sitja í óskiptu búi, með bréfi, dags. 27. október 1928.

Valdsmaður veitir ekkjunni búsetuleyfi þann 19. nóvember 1928. Í búsetuleyfi valdsmanns kemur fram, að samþykki mynd-ugra barna þeirra hjóna liggur fyrir.

Þann 3. apríl 1934 skipar skiptaráðandinn J. C. F. Arnesen til þess að vera umboðs- og fjárráðamaður ómyndugra barna ekkjunnar vegna væntanlegra erfingjaskipta á dánarbúi því, sem hér er fyrir dómi. Í skipunarbréfi skiptaráðanda kemur fram, að þetta er gert eftir beiðni frá Guðrúnu Ólafsson í bréfi, dags. 31. mars 1934. 1934 er skiptagerð útbúin, og er skiptagerð þessi undirrituð þann 16. apríl þ. á., og er hún byggð á eignalista, sem fylgir skiptagerðinni, en eignalistinn miðast við eignir dánar-búsins 1. janúar 1934. Erfðafjárskýrslu er síðan skilað 30. júní 1934. Erfðafjárskýrsla þessi er ekki undirrituð eigin hendi af

erfingjum, en skiptaráðandi vottar, að hún sé í samræmi við skiptagerning. Erfðafjárskattur er greiddur sama dag og skýrslunni er skilað.

Í september 1977 selur varnaraðili máls þessa svokallaða Gránueign á Oddeyrartanga. Um sölu þessa var rituð grein í dagblaðið Tímann þetta sama ár. Grein þessi varð til þess, að nokkrir samerfingjar varnaraðilja í máli þessu gerðu sér ferð norður til Akureyrar, þar sem rætt var um þessa sölu og hvenær og hvernig varnaraðili væri kominn að þessari eign.

Í beinu framhaldi að þessu gerði varnaraðili og samerfingjar hans með sér samkomulag, svohljóðandi.

„Í sambandi við sölu á svokallaðri „Gránueign“ á Oddeyrartanga, í september síðastliðnum, tek ég undirritaður að mér að greiða meðerfingjum mínum — níu talsins — eins og hér segir:

1. júlí 1978	kr. 15.000.000
1. júlí 1979	— 900.000
1. júlí 1980	— 900.000
1. júlí 1981	— 900.000

Samtals kr. 17.700.000

Áður greitt í sama skyni — 900.000

Samtals kr. 18.600.000

Aðurnefndir meðerfingjar mínir falla frá frekari kröfum vegna skipta í dánarbúum foreldra okkar.

Akudeyri, 4. desember 1977,
Sverrir Ragnars.

Samþykk ofanrituðu.

Kjartan Ragnars.

Þuríður Einarsson.

Guðrún Ragnars.

Ólafur Ragnars.

Valgerður Ragnars.

Ragna Gröndal.

Jón Ragnars.

Ragnar Ragnars.

F.h. Sigr. Ragnars

St. Guðjónsen.“

Þegar litið er til samkomulagsins, sem aðiljar máls þessa gerðu

með sér 4. desember 1977, og þess, að ekki er ágreiningur um, hvaða eignum dánarbúsins var skipt 16. apríl 1934, heldur við hverju verði þeim var skipt, þykja eigi vera fram komnir þeir formgallar á skiptunum 1934, að taka beri dánarbú Ragnars Ólafssonar til opinberra skipta.

Í áðurnefndu samkomulagi lýsa aðiljar því yfir, að þeir falli frá frekari kröfum vegna skipta á dánarbúi Ragnars Ólafssonar og frú Guðrúnar Ólafsson. Með samkomulagi þessu komst á bindandi samningur með aðiljum máls þessa. Samkomulagi þessu hefur ekki verið hnekkt fyrir dómi. Samkomulag þetta er því enn í fullu gildi þrátt fyrir yfirlýsingu sóknaraðilja máls þessa á dskj. nr. 39 um, að forsendur samkomulagsins séu með öllu brostnar að því leyti sem þeir falli þar frá frekari kröfum á hendur varnaaðilja vegna skipta á dánarbúum Ragnars Ólafssonar og frú Guðrúnar Ólafsson.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að synja beri kröfu sóknaraðilja, Valgerðar Ragnars, Jóns Ragnars, Kjartans Ragnars, Guðrúnar Ragnars og Rögnu G. Ragnars, um opinber skipti á dánarbúi Ragnars Ólafssonar, fyrrverandi konsúls á Akureyri.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Meðferð máls þessa dróst nokkuð vegna mikilla embættisanna skiptaráðanda.

Úrskurð þennan kvað upp, Erlingur Óskarsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Því úrskurðast:

Kröfur sóknaraðilja, Valgerðar Ragnars, Jóns Ragnars, Kjartans Ragnars, Guðrúnar Ragnars og Rögnu G. Ragnars, um opinber skipti á dánarbúi Ragnars Ólafssonar, fyrrverandi konsúls á Akureyri, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.
